

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis  
b/t viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1758  
komudagur 16.4.2010

16. apríl 2010  
Tilvísun: 2010020015

## Efni: Umsögn vegna draga að breytingartillögu við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, 343. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs frá Selmu Hafliðadóttur ritara viðskiptanefndar þann 30. mars sl. Í tölvubréfinu var Fjármálaeftirlitinu gefin kostur á að skila skriflegum athugasemdum við drög að breytingartillögu við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, 343. mál.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við viðskiptanefnd. Tölusetning er miðuð tölusetningu á viðkomandi lið í framangreindum drögum að breytingartillögu.

### 1. Skilgreiningar

Í drögum að breytingartillögum eru gerðar breytingar á nokkrum skilgreiningum í 1. gr. frumvarpsins.

#### Framkvæmdastjóri

Í drögum að breytingartillögu er gerð sú breyting á skilgreiningu á framkvæmdastjóra að vísað er til laga um hlutafélög. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að ekki leiki vafi á að sparisjóðsstjórar falli undir skilgreininguna.

#### Lykilstarfsmaður

Í drögum að breytingartillögu er lagt til að við frumvarpið bætist skilgreining á hverjir teljist til lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækis. Samkvæmt skilgreiningunni fellur framkvæmdastjóri ekki undir hugtakið lykilstarfsmaður.

Fjármálaeftirlitið telur eðlilegt að framkvæmdastjóri falli fyrir utan hugtakið en bendir á að vegna þess þarf að bæta framkvæmdastjóra við upptalningu 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins og taka út orðið „aðra“ í 38. gr. frumvarpsins og orðið „annan“ í 1. mgr. b-liðar 39. gr. frumvarpsins.

#### Yfiráð

Í drögum að breytingartillögu er lagt til að við frumvarpið bætist skilgreining á hugtakinu yfiráðum, en hugtakið yfiráð kemur m.a. fyrir í skilgreiningu á hugtakinu hópur tengdra viðskiptavina.

Að mati Fjármálaeftirlitsins samræmist skilgreiningin ekki þeirri skilgreiningu sem er að

finna á hugtakinu í 9. tölul. 4. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2006/48/EC, sbr. túlkun hugtaksins er finna má í CEBS guidelines on the implementation of the revised large exposures regime, dags. 11. desember 2009 (sjá m.a. bls. 9 í meðfylgjandi skjali). Þannig telur Fjármálaeftirlitið að með skilgreiningunni sé verið er að þrengja möguleika á túlkun hugtaksins.

Mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið hafi svigrúm til að túlka ákvæði án þess að vera sérstaklega bundið af hlutfallslegu viðmiði er leitt geti til þess að ekki er hægt að styðjast við guidelines CEBS við túlkunina. Því leggur Fjármálaeftirlitið til að sú skilgreining sem eftirlitið lagði til í unsögn sinni, dags. 3. mars. sl., verði notuð. Þar var hugtakið yfírráð skilgreint eftirfarandi: „Yfírráð: Yfírráð eru tengsl milli móðurfélags og dótturfélags eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og félags.“

### **3. Hlutafé/stofnfé/eiginfjárgrunnur.**

Í drögum að breytingartillögu eru lagðar til breytingar á 5. gr. frumvarpsins. Í b-lið er lagt til að við 5. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Stofnfé sparisjóðs sem starfar á afmörkuðum markaði hefur starfsheimildir skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal að lágmarki nema 1. milljón evra.

Með breytingunni er verið að lækka lágmarks stofnfé og lágmarks eiginfjárgrunn hjá tilteknum sparisjóðum. Fjármálaeftirlitið bendir á að í dag myndu allir sparisjóðirnir falla undir ákvæðið. Ljóst er að allir sparisjóðirnir (og í raun einnig öll önnur fjármálafyrirtæki) starfa á afmörkuðum markaði þótt misjafnt er hversu stór markaðurinn er, þ.e. hvort um er að ræða afmarkaðan landshluta eða Ísland. Jafnframt mætti segja Evrópa væri afmarkaður markaður. Þá er einnig ljóst að allir sparisjóðir hafa starfsheimildir skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. ffl., en orðalag breytingartillögunar útilokar ekki að þeir geti jafnframt haft aðrar starfsheimildir, s.s. heimild til verðbréfavíðskipta.

Sé ætlunin að gera minni kröfur varðandi stofnfé og fjárhæð eiginfjárgrunns tiltekinna sparisjóða er mikilvægt að það sé skýrt afmarkað hvaða starfsemi þeir megi stunda og hversu stór sá afmarkaði markaður sem þeir starfa á megi vera.

Fjármálaeftirlitið leggur því til að þeir sparisjóðir sem falli undir ákvæðið megi eingöngu hafa starfsheimildir skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. Jafnframt óskar Fjármálaeftirlitið eftir því að skýrt sé hversu stór sá markaður megi vera sem slíkir sparisjóðir megi starfa á. Þá þarf einnig að taka afstöðu til hvort þeim sé óheimilt að vera í viðskiptum við aðila utan þess markaðar, þ.e. ef markaður sparisjóðsins er Ísland hvort sparisjóðnum sé samt heimilt að vera í viðskiptum við aðila búsettum utan Íslands.

### **9. Skrá um upplýsingar um einstaka viðskiptamenn**

Í drögum að breytingartillögu er lagðar til breytingar á 11. gr. frumvarpsins. Þar er m.a. lagt til að sett verði í ákvæðið að Fjármálaeftirlitið geti sett leiðbeinandi tilmæli um tiltekið atriði.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til setningu leiðbeinandi tilmæla er að finna í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Það hefur ekki tíðkast að tiltaka sérstaklega í sérlögum hvar Fjármálaeftirlitið getur sett leiðbeinandi tilmæli. Að mati Fjármálaeftirlitsins gæti slík þróun leitt í þá átt að farið verði að horfa í það hvort fram komi í einstökum ákvæðum að Fjármálaeftirlitið geti sett leiðbeinandi tilmæli vegna ákvæðisins. Að mati Fjármálaeftirlitsins vær slíkt óheillavænleg þróun.

Leggur Fjármálaeftirlitið því til að fallið verði frá þeirri breytingartillögu.

#### 14. Samráð við erlend eftirlit.

Í drögum að breytingartillögu er lagðar til breytingar á 25. gr. frumvarpsins. Nánar tiltekið er lagt til að ákvæði varðandi samráð við erlend eftirlit færist úr 26. gr. í 25. gr. frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitið bendir á að orðalag ákvæðisins gerir ráð fyrir að haft sé samráð áður en niðurstaða Fjármálaeftirlitsins er kunngerð en það er ekki í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins nr. 2007/44 en samkvæmt tilskipuninni skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð í matsferlinu. Leggur Fjármálaeftirlitið því til orðalagsbreytingu svohljóðandi: „*Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er fjármálafyrirtæki eða váttryggingafélag með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast virkan eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld í samræmi við 3. mgr. 2. gr. við mat sitt.*“

#### Annað


Að lokum vill Fjármálaeftirlitið ítreka eftirfarandi athugasemdir við 48., sbr. 49. gr. frumvarpsins er fram koma í umsögn eftirlitsins, dags. 3. mars sl.

Í ákvæði til bráðabirgða VI er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að grípa inn í rekstur fjármálafyrirtækis til að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármáلامarkaði. Samkvæmt 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI fellur ákvæðið úr gildi 1. júlí 2010.

Samkvæmt b-lið 48. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði til bráðabirgða VI falli brott. Jafnframt kemur fram í 49. gr. frumvarpsins að b-liður 48. gr. öðlist gildi 31. desember 2010. Þrátt fyrir gildistökuákvæðið mun ákvæði til bráðabirgða VI falla úr gildi 1. júlí 2010 þar sem ekki er lögð til breyting á 8. mgr. ákvæðisins. Þannig nær gildistökuákvæði 49. gr. frumvarpsins ekki tilgangi sínum. Í ljósi framangreinds leggur Fjármálaeftirlitið til að 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI sé breytt á þann veg að í stað 1. júlí 2010 komi 31. desember 2010. Jafnframt yrði síðari másl. 49. gr. frumvarpsins felldur niður.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Gunnar P. Andersen



Arný J. Guðmundsdóttir